

38

25. febr.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð 10. janúar 1947, um meðferð á fiski,
sem frystur er til útflutnings.

1. gr.

Á eftir 13. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, svo hljóðandi:
Ákvæði þessa kafla gilda hvort sem fiskinn á að frysta í hraðfrystihúsum, ísa hann nýjan til útflutnings eða salta hann til útflutnings.

2. gr.

Á eftir 13. gr. reglugerðarinnar komi ný grein hvo hljóðandi:
Ákvæði þessa kafla gilda hvort sem fiskinn á að frysta í hraðfrystihúsum, ísa hann nýjan til útflutnings eða salta hann til útflutnings.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935 um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast þegar gildi og breytist greinatala reglugerðar 10. janúar 1947 samkvæmt því, sem reglugerð þessi gefur tilefni til.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. febrúar 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

39

12. marz

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 122 29. desember 1931, um einkasölu á tóbaki.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. desember 1931, um einkasölu á tóbaki, orðist svo:
Hámarksálagning á hvers konar tóbaki í smásölu, miðuð við verð einkasölunnar að viðbættum flutningskostnaði til útsölastaðarins, skal vera 20%.

Fyrir flutningskostnað utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar má eigi reikna hærri viðbótarálagningu en 5%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Reglugerð frá 28. nóv. 1942 um breyting á reglugerð nr. 122 29. desember 1931, um einkasölu á tóbaki, er úr gildi numin.

Fjármálaráðuneytið, 12. marz 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.